

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um þvingunaraðgerðir varðandi Moldóvu, nr. 291/2015, ásamt síðari breytingum.

1. gr.

*Þvingunaraðgerðir.*

Eftirfarandi töluliðir skulu bætast við 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar, í rétttri númeraröð:

- 1.3 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2019/1789 frá 24. október 2019 um breytingu á ákvörðun 2010/573/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn stjórninni á Transnistríusvæðinu í Lýðveldinu Moldóvu, sbr. fylgiskjal 1.3.
- 1.4 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2020/1586 frá 29. október 2020 um breytingu á ákvörðun 2010/573/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn stjórninni á Transnistríusvæðinu í Lýðveldinu Moldóvu, sbr. fylgiskjal 1.4.

2. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar orðast svo: Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, sem vísað er til í framangreindum gerðum, eru birtir á vef öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna eða Stjórnartíðinda Evrópusambandsins, eftir því sem við á. Síðari breytingar og uppfærslur listanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vefjum, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

2. gr.

*Gildistaka o.fl.*

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 4. og 12. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008, öðlast þegar gildi.

*Utanríkisráðuneytinu, 7. janúar 2021.*

**Guðlaugur Þór Þórðarson.**

*Martín Eyjólfsson.*

**Fylgiskjal 1.3.****ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2019/1789**

frá 24. október 2019

**um breytingu á ákvörðun 2010/573/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn stjórninni á Transnistríusvæðinu í Lýðveldinu Moldóvu**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

með hliðsjón af tillögu frá ædsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 27. september 2010 samþykkti ráðið ákvörðun 2010/573/SSUÖ <sup>(1)</sup> um þvingunaraðgerðir gegn stjórninni á Transnistríusvæðinu í Lýðveldinu Moldóvu.
- 2) Bæta ætti ákvæði við ákvörðun 2010/573/SSUÖ þar sem tilgreint er að ráðið og ædsti fulltrúinn megi vinna persónuupplýsingar til að geta sinnt verkefnum sínum samkvæmt þeirri ákvörðun.
- 3) Framlengja ætti þvingunaraðgerðirnar gegn stjórn Transnistríusvæðisins í Lýðveldinu Moldóvu til 31. október 2020 á grundvelli endurskoðunar á ákvörðun 2010/573/SSUÖ. Ráðið mun endurskoða stöðuna að því er varðar þvingunaraðgerðir að sex mánuðum liðnum.
- 4) Því ætti að breyta ákvörðun 2010/573/SSUÖ til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvörðun 2010/573/SSUÖ er hér með breytt sem hér segir:

- 1) Eftirfarandi grein bætist við:

*„2. gr. a*

1. Ráðið og ædsti fulltrúi Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum („ædsti fulltrúinn“) mega vinna persónuupplýsingar til að geta sinnt verkefnum sínum samkvæmt þessari ákvörðun, nánar tiltekið:

- a) að því er varðar ráðið, vegna undirbúnings og breytinga á viðaukanum,
- b) að því er varðar ædsta fulltrúann, vegna undirbúnings breytinga á viðaukanum.

2. Ráðinu og ædsta fulltrúanum er, eftir atvikum, heimilt að vinna viðeigandi upplýsingar sem varða refsiverð brot, framín af skráðum einstaklingum, sakfellingar slíkra einstaklinga í refsímálum eða öryggisráðstafanir sem varða þá, að því marki sem slík vinnsla er nauðsynleg vegna undirbúnings viðaukans.

3. Að því er varðar þessa ákvörðun eru ráðið og ædsti fulltrúinn tilgreind sem „ábyrgðaraðilar“ í skilningi 8. liðar 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 <sup>(\*)</sup>, til að tryggja að viðkomandi einstaklingar geti neytt réttar síns samkvæmt reglugerð (ESB) 2018/1725.

(\*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 frá 23. október 2018 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu stofnana, aðila, skrifstofa og sérstofnana Sambandsins á persónuupplýsingum og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og ákvörðunar nr. 1247/2002/EB (Stjtið. ESB L 295, 21.11.2018, bls. 39).“

- 2) Eftirfarandi kemur í stað 2. mgr. 4. gr.:

„2. Ákvörðun þessi gildir til 31. október 2020. Hún skal vera í stöðugri endurskoðun. Hana skal framlengja eða henni breyta, eftir atvikum, telji ráðið að markmiðum hennar hafi ekki verið náð.“

*2. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Gjört í Lúxemborg 24. október 2019.

*Fyrir hönd ráðsins,*

A.-K. PEKONEN

*forseti.*

**Fylgiskjal 1.4.**

**ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2020/1586**

**frá 29. október 2020**

**um breytingu á ákvörðun 2010/573/SSUÖ um þvingunaraðgerðir  
gegn stjórninni á Transnistriusvæðinu í Lýðveldinu Moldóvu**

Eftirfarandi komi í stað 2. mgr. 4. gr. ákvörðunar 2010/573/SSUÖ:

„2. Ákvörðun þessi gildir til 31. október 2021. Hún skal vera í stöðugri endurskoðun. Hana skal framlengja eða henni breyta, eftir því sem við á, telji ráðið að markmiðum hennar hafi ekki verið náð.“ (Efnisútdráttur).

---

B-deild – Útgáfud.: 21. janúar 2021